

Nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði 50. fundur.

Árið 2015, miðvikudaginn 5. ágúst kl. 15:00 kom nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði saman í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Mættir aðalmenn voru Sigurður Pétursson, formaður, Magnús Reynir Guðmundsson og Kristín Hálfhánsdóttir.

Jafnframt eru mættir: Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Jóhann Birkir Helgason sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

1. Staða framkvæmda. 2011-12-0009.

Jóhann Birkir Helgason fór yfir stöðu framkvæmda á Eyri. Verkinu er að ljúka, unnið er að loftræsiristum og öðrum smávægilegum hlutum. Lóðin er langt komin, búið að malbika stóran hluta gangstíga, unnið er að jarðvegsmönnum og jöfnun lóðar.

Nefndin þakkar kynninguna.

2. Viðtökuvottorð

Lagt fram Viðtökuvottorð fyrir hjúkrunarheimilið Eyri dags. 30. júlí 2015 frá Framkvæmdasýslu ríkisins, þar segir:

Öll gögn sem kallað var eftir í verklokaúttekt frá 3. Júlí 2015 hafa nú borist og verklok staðfest með úttekt á staðnum 26. júlí og með ljósmyndum 30. júlí 2015.

Þar sem hjúkrunarheimilið Eyri, uppfyllir þar með öll atriði samnings Ísafjarðarbæjar og velferðarráðuneytisins er viðtökuvottorð hér með staðfest.

Lagt fram til kynningar

3. Ljósmyndir í miðkjarna íbúðarrýma

Nefndin ákveður að velja myndir hjá Ljósmyndasafninu Ísafirði til skreytingar í miðkjarna Eyrar. Nefndin fer til fundar með starfsmönnum Ljósmyndasafnsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50.

Sigurður Pétursson, formaður.

Magnús Reynir Guðmundsson

Kristín Hálfhánsdóttir.

Gísli Halldór Halldórsson
Bæjarstjóri

Jóhann Birkir Helgason